

Fundarnúmer:	556
Dagsetning:	01.09.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við leikskólastjóra.
3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
4. Fundargerð 756. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Erindi Ólafs Benediktssonar, áður lagt fram á 552. fundi byggðarráðs.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til fundarins. Rætt um gangstéttarframkvæmdir, undirbúning malbikunar, flotbryggju sem komin er á sinn stað, undirbúning hitaveituf framkvæmda og traktorsgröfu áhaldahúss.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri er mætt til fundarins. Greindi hún frá því að 36 stúlkur og 31 drengur eru í námi í leikskólanum Ásgarði í vetur auk þess er von á að 7 börn bætist við í vetur. Jafnframt kynnti hún starfsmannalista leikskólans og hvernig vinna starfsmanna skiptist á deildir og í stoðþjónustu.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð 756. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Erindinu frestað til næsta fundar.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:10

Þ. Karl Eggertsson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg(sign.).